


Forsetakosningar


Rúmlega einn af hverjum fimm sem taka afstöðu vilja sjá Jón Gnarr sem næsta forseta Íslands. Nær 17% vilja sjá Katrínu Jakobsdóttur sem næsta forseta en rúmlega 11% vilja að Ólafur Ragnar Grímsson gegni áfram embætti forseta Íslands. Nær 8% sjá Þóru Arnórsdóttur fyrir sér í forsetaembættinu og 6% Rögnu Árnadóttur en aðrir voru sjaldnar nefndir. Einungis um fjórir af hverjum tíu tóku afstöðu til spurningarinnar svo meirihluti landsmanna hefur ekki myndað sér skoðun á því hvern þeir vilja sjá sem næsta forseta.

Hvern myndir þú vilja sjá sem næsta forseta Íslands?



Jón Gnarr virðist höfða frekar til karla en kvenna sem forseti, en ríflega 26% karla sjá hann fyrir sér sem næsta forseta Íslands á móti um 13% kvenna. Landsmönnum líst líka betur á Jón Gnarr sem forseta eftir því sem þeir eru yngri. Þannig vilja rúmlega 35% þeirra sem eru yngri en 30 ára sjá Jón Gnarr sem forseta en ríflega 3% þeirra sem eru 60 ára eða eldri.

Þeir sem myndu kjósa Bjarta framtíð, Pírata eða aðra flokka en nú eiga sæti á þingi, ef kosið yrði til Alþingis í dag, vilja frekar sjá Jón Gnarr sem forseta en þeir sem myndu kjósa Framsókn, Sjálfstæðisflokkinn, Samfylkinguna eða Vinstri græna. Þeir sem styðja ekki ríkisstjórnina eru líklegri til að vilja sjá Jón Gnarr sem forseta en þeir sem styðja ríkisstjórnina.






* Marktækur munur



Meirihluti þeirra sem taka afstöðu er ánægður með störf Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands eða rúmlega 56%. Um fimmtingur er óánægður með störf hans, eða nær 21%, og um 23% segjast hvorki ánægð né óánægð. Þetta eru svipuð hlutföll og þegar spurt var fyrir þremur árum.

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands?



Karlar eru ánægðari en konur með Ólaf Ragnar sem forseta, og þeir sem hafa ekki lokið háskólaprófi eru ánægðari með hann en þeir sem hafa meiri menntun að baki. Talsverður munur er á ánægju fólks með störf Ólafs eftir því hvað það kysir til Alþingis ef kosið væri í dag. Þeir sem myndu kjósa Framsóknarflokkinn eru ánægðastir með störf Ólafs og þar á eftir þeir sem myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Þeir sem styðja ríkisstjórnina eru sömuleiðis mun ánægðari með störf Ólafs sem forseta en þeir sem styðja ekki ríkisstjórnina.

Greiningar

Heild

Kyn*

Karlar

Konur

Menntun*

Grunnskólapróf

Framhaldsskólapróf

Háskólapróf

Ef kosið yrði til Alþingis í dag, hvaða flokk eða lista myndirðu kjósa/líklegast kjósa?*

Framsóknarflokk (B)

Sjálfstæðisflokkinn (D)

Samfylkinguna (S)

Vinstri græn (V)

Þjarta framtíð

Píratar


Annar flokk/lista

Styður þú ríkisstjórnina?*

Já

Nei

* Marktækur munur á milli hópa



Spurt var:

Hvern myndir þú vilja sjá sem næsta forseta Íslands?

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun sem gerð var dagana 19. júní - 1. júlí 2015. Þátttökhlutfall var 55,5%, úrtaksstærð 1.431 einstaklingur. Einstaklingarnir voru 18 ára eða eldri af öllu landinu valdir af handahófi úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup Ármúla 13 105 Reykjavík Sími: 540 1000 Netfang: sigrun.drifa.jonsdottir@gallup.is

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drifa Jónsdóttir og Jón Karl Árnason

Ábyrgðarmaður: Vilborg Helga Harðardóttir © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.